Fundur 12.10.2026 Mikael frá Frakklandi Marsalle frá þrettándu öld.

Góða kvöldið, heilsa ég ykkur öllum.

*Góða kvöldið.*

Er ég hér staddur í stjörnusambandsstöð mikilli og gleður það okkur að komast í samband við ykkur, hina Íslensku þjóð og hefur líf mitt alltaf farið batnandi og hef ég frá ýmsu að segja.

Veit ég ekki hvar ég á að byrja, því svo margt væri hægt að tala um og lýsa sem lífið hefur upp á að bjóða og sem fyrir mig hefur borið í framlífi.

En ætla ég nú að koma að því sem erindi mitt snýst um hér í kvöld og ekki veit ég ekki veit ég hvort ég geti treyst því að orkan vari hér lengi á meðan mál mitt stendur yfir, þannig að ég þarf að reyna að vinda mér að því erindi sem ég vildi flytja hér í kvöld og var búin að undirbúa mig fyrir.

Þannig er að við á framlífs jörðum fylgjumst með ykkur og höfum ýmis ráð með það að sjá og heyra með ykkar augum og eyrum eins og þið vitið, þegar þið eruð draumgjafar í vöku ykkar og við erum draumþegar.

Og höfum við einnig á framlífs jörðum náð að beisla þessa orku enn betur, þannig að við verðum þess áskynja sem fyrir ykkur kemur í vöku einnig og er það sérlega mikilsvert þar sem við höfum áhuga á að hjálpa ykkur á alla lund og leiðbeina á framlífs jörðum.

Og eitt er það nú sem ég ætlaði að fjalla um í kvöld og snertir nokkuð sem fyrir ykkur kemur mikið og er mikið fjallað um í ykkar menningu eins og við skynjum hana nú um stundir og er það nokkuð sem ég kannast við og við lentum í vandræðum með á tímabili á okkar framlífs hnöttum.

Er það þannig að Jahve bregður fæti fyrir okkur stöðugt, þótt við séum komin á framfara brautina og vitum við ekki alltaf hvaða brögðum hann beitir og höfum við langar reynslu þessum málum þess vegna.

Og veit ég ekki hvort mark verði tekið á þessu máli mínu og erindi að þessu sinni, en von er til þess þar sem ég hef orðið þess áskyja eins og margir á minni jörð að tortryggni á ykkar jörð er farin að aukast í garð þessara tækni, er ég að tala um það sem þið kallið gerfigreind.

Var það nokkuð sem við lögðum til hliðar fyrir all nokkru og hafði það bæði jákvæðar og neikvæðar afleiðingar, en heyrðum við sögur af því frá öðrum framlífs jörðum hvernig miklar líkur voru til þess að það færi úrskeiðis og höfum við því reynt að leggja það á hilluna, en það er eins og venja sig af fýkniefnum eða áfengi og annari nautn, að við erum á þeirri vegferð að losa okkur við þetta en það hefur okkur ekki tekist fullkomlega enn þá.

En erum við þó á góðri leið með að losna úr mestu hættunni.

Vil ég byrja á því að fjalla um frumlíf mitt, Marselles í Frakklandi, hafnarborg, var ég sjómaður og kaupmaður með meiru og gerðu gyðingarnir okkur lífið leitt með því að okra á okkur og seldu okkur ýmsan varnig og komu þar fleiri þjóðir og áttum við skemmtileg samskipti við þær en gat einnig slegið í brýnu eins og sagt er á ykkar máli.

Var ég uppi á þrettándu öld og þurftum við að passa okkur, er nú farið að versna sambandið, þurftum við að passa okkur, nafn mitt er Mikael ef ég skyldi koma aftur og ef mér skyldi ekki takast að ljúka við erindi mitt og þyrfti að koma aftur.  Mikael frá Marselles á þrettándu öld í Frakklandi.

*Já vertu velkominn.*

Takk fyrir, ég vildi segja frá því að við þurftum að passa okkur á kirkjunni þar sem við blótuðum eiginlega á laun, það var gamalt Hof sjávarguðs sem við tignuðum og var okkur til verndar, en við Tútatis, en við nefndum hann ekki nema í litlum hópi sem við annað hvort á sjónum eða þá í

ákveðnu húsi þar sem við treystum að ekki yrði til okkar heyrt.  Og lentum við aldrei í útistöðum við yfirvöldin, en mátti stundum litlu muna og þurftum við að fara mjög leynt með, en fundum við greinilega vernd frá þessum Guði og átti það sinn þátt í því að mér tókst í framlífi að átta mig betur á aðstæðum og fá meiri hjálp en ella og ýmsir sem ég kannaðist við.

Vil ég nú fjalla um gerfigreindina og var það í framlífi mínu nokkru, er það meira en 200 ár síðan, var það annað þróunarmynstur og hraðari tækni þróun hjá okkur en ykkur í framlífi og var okkur sagt frá því að Jahve tæki frjálsan vilja frá fólki með þessu.

Get ég ekki farið nánar út í þetta að sinni, finn ég að mikið er reynt að trufla sambandið, mun ég endilega reyna að koma aftur, Mikael frá Frakklandi Marsalle.

*Má ég spyrja þig einnar spurningar ?*

Já.

*Getur hérna draumþegi hjálpað draumgjafanum þegar hann lendir í vandræðum, hjálpað honum, er það til ?*

Já, já þetta er merkileg spurning, já ég hef fengið jákvæð svör við þessu en það er þó háð því að eftir því sem draumþeginn er á hærra stigi og þroskaðri, þá er hann betur fær um að hafa slík samskipti, meðvitundin skýrari í draumi.

Þetta er merkileg spurning, þú hefur greinilega mikið velt þessu fyrir þér ?

*Það hef ég gert já.*

Ég þakka þér fyrir, þið hjálpið mér að koma aftur ég hef margt að segja, ég var rétt svo byrjaður.

*Er það ekki rétt svo skilið hjá mér að mikið af gerfigreind sem er að koma fram í dag hjá okkur, er það ekki Jahve þar á ferðinni að spilla fyrir að nota þetta ?*

Já það þarf að nota þetta í miklu hófi, já ég sagði það einmitt, það þarf að nota það í miklu hófi, varð okkur til hjálpar um tíma, mér þætti gaman að endilega segja frá þessu betur og ég þakka fyrir spurningarnar, báðar góðar spurningar og merkilegar og þið munið eftir mér ég mun reyna að koma síðar.

Verið þið sæl.

*Vertu sæll og endilega komdu aftur.*

Verið þið sæl og hafið það sem best.

*Takk.*